

Fundargerð Formannafundur BFSÍ 2024

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **7.4.2024**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson (BFSÍ), Albert Ólafsson (BFSÍ), Astrid Daxböck (BFSÍ), Haraldur Gústafsson (Skaust), Guðbjörg Reynisdóttir (Hrói Höttur), Alfreð Birgisson (Akur), Oliver Ormar Ingvarsson (Boginn), Kristján Guðni Sigurðsson (Skotís), Valgerður Einarsdóttir Hjaltested (BFSÍ), Styrmir Sæmundsson (Afturelding), Haukur Hallsteinsson (Freyja) og Magnús Ragnarsson (Skyttur).**

Fundargerð ritaði: **Guðmundur Örn Guðjónsson**

1. Fundur settur af formanni BFSÍ kl. **13:00**
2. Engin gesta ávörp voru á formannafundinum að þessu sinni.
3. Skýrsla stjórnar.
Formaður lagði fyrir ársskýrslu BFSÍ 2023 og fjallaði stuttlega um hana. Opnað var fyrir spurningar eða athugasemdir um ársskýrsluna. Engar bárust.
4. Reikningar BFSÍ.
Gjaldkeri BFSÍ fór yfir ársreikning BFSÍ 2023 frekar ítarlega og gaf skýringar á helstu liðum sem breyst höfðu milli ára. Opnað var fyrir spurningar eða athugasemdir um ársreikninginn að því loknu. Engar bárust.
5. Afreksstefna BFSÍ.
Formaður kynnti afreksstefnu BFSÍ 2021-2029 óbreytta frá Bogfimiþingi 2023. Opnað var fyrir umræður um afreksstefnu BFSÍ. Engar athugasemdir eða spurningar tengdar afreksstefnu BFSÍ komu fram.
6. Aðgerðaáætlun BFSÍ.
Formaður kynnti aðgerðaáætlun BFSÍ 2021-2024, hann benti meðal annars á að kynnt verður uppfærð útgáfa hennar á næsta Bogfimiþingi 2025 þar sem gildistími hennar er að líða. Opnað var fyrir umræður um aðgerðaáætlunina. Engar athugasemdir eða spurningar komu fram.
7. Önnur mál. Formaður spurði fundarmenn hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri eða ræða einhver önnur mál sem tengdust starfinu á formannafundinum. Ein spurning barst um stöðu Íslandsmetaviðurkenninga Formaður BFSÍ sagði að það væri í ferli að breyta fyrirkomulaginu og á næstunni yrði ráðin bót á þeim tögum sem orðið hafa á útgáfu slíkra viðurkenninga. Engar aðrar spurningar eða athugasemdir bárust tengt formannafundinum, gögnum hans eða starfi BFSÍ. En margir notuðu tækifærið til þess að lýsa þróun í sínum félögum og nýjungum sem gerðar hafa verið í þeirra starfi. Almennt er mikill áhugi fyrir því að byggja starfið upp, en mannekla er hjá mörgum félögum og skortur á þjálfurum, en þróunin er almennt jákvæð um allt land. Formaður BFSÍ minnti á skýrsluskil til ÍSÍ og bað alla um að hugsa einnig um heilsunni, líkamlega og andlega, og að engin pressa væri frá BFSÍ á hraða þróunar. Í mörgum minni félögum lendir oft meirihluti starfsins á herðum fárra eða jafnvel eins einstaklings, því er mikilvægt að þeir ofgeri sér ekki við að halda starfinu gangandi.
8. Fundi slitið kl. **13:38**